

**Ný viðbót
sem við þurfum
að skoða á
Snapchat:**

My AI




SAFT

Gervigreindarvinurinn My AI

Í nýrri uppfærslu af Snapchat hefur gervigreindarvinurinn "My AI" bæst við. Hann er svokallað spjallvélmenni sem hægt er að tala við.

SAFT



Birtist efst í spjallinu



Hvað gerir My AI?


My AI getur svarað spurningum og ráðlagt notendum Snapchat með hjálp gervigreindar. **Spjallmennið er knúid áfram af Chat GPT gervigreindarforritinu frá OpenAI.**

Hægt er að breyta útliti My AI og nafni – sem gerir það að mun **persónulegra spjallmenni.**

Með þessu hefur Snapchat persónugert gervigreindarforrit, þannig að My AI líkist raunverulegum vini.

**Slíkt getur verið villandi,
sérstaklega fyrir börn og ungmenni.**

SAFT



Lokað fyrir ákveðin leitarord

Ásamt því að skrifa til spjallmennisins, þá er hægt að senda My AI myndir og lyndistákn sem það getur lesið. Það virðist þó ekki skynja hljóð, **ennþá**.

Lokað er fyrir svör við ákveðnum leitarordum, t.d. er varða kynlíf og ólögleg efni/athæfi. **My AI svarar þó alltaf**, annað hvort með því að breyta um umræðuefni eða vara við hættum.


Spjallmennið bendir því alls ekki alltaf á réttar leiðir og ef það finnur ekki svar í gagnagrunni sínum reynir það að búa til setningar sem líkja eftir mannlegu tali. **Mikilvægt er að vita að My AI getur því verið að bulla, því það er forritað til þess að svara.**

Hvað segir Snapchat um nýjustu viðbótina?

Ef maður vill vita meira um My AI verður maður helst að grúska á heimasíðu Snapchat. Erfitt er að leita að upplýsingum í forritinu sjálfu.

Fyrirtækið segir spjallmennið vera tilraun. Það setur fyrirvara á það og segir að þó My AI sé hannað með það í huga að svara með réttum upplýsingum, þá getur verið að það fari með rangt mál. Snapchat biður notendur sína í rauninni um að treysta ekki upplýsingum sem það fær frá gervigreindinni og tilkynna ef eitthvað skrítið á sér stað.

Snapchat tekur fram að þau gögn sem deilt er með My AI geta verið notuð til að bæta vörur fyrirtækisins og sérsníða upplifun og auglýsingar.
Gögnum er því safnað.



Ekki auðvelt að fjarlægja spjallmennid

Mikil gagnrýni hefur verið á Snapchat fyrir að hinn hefðbundni notandi geti ekki fjarlægt eða eytt My AI eins og öðrum vinum.

Fyrirtækið hefur ákveðið að notendur þurfi að kaupa aðgang að **Snapchat+** til þess að eiga þess kost að fjarlægja spjallmennid.

Foreldrar eru sérstaklega óánægðir með þetta og nú þegar hafa **netöryggismidstöðvar í Evrópu gert athugasemdir** við Snapchat vegna þessa, ásamt fleiru sem talið er ógna netöryggi og jákvæðri miðlanotkun barna.



SAFT

Hvað þurfum við aðallega að vera meðvitund um?

My AI svarar spurningum með gögnum sem það finnur á netinu. Ef það er spurt hvort hægt sé að treysta svörunum, **segir það "að sjálfsgöngu"**, spjallmennid reyni alltaf að finna traustar upplýsingar. En ef My AI er spurt út í hvort sé ekki mikil upplýsingaóreiða á netinu, þá svarar það því líka játandi og segir okkur að athuga betur hvort svörin sem það gefur séu rétt.

Það fer svo eftir því hvernig er spurt og hver er að spyrja, hverju My AI svarar - og spjallmennid segir alls ekki alla söguna.

Athugið líka að ChatGPT á erfitt með upplýsingar síðustu tveggja ára og það notast helst við upplýsingar frá 2021 eða fyrr.

Að nota My AI getur því verið mjög villandi fyrir þau börn sem hafa ekki náð þroska til að nota gervigreind og eiga erfitt með að greina úr upplýsingum til að vita hvað sé rétt og rangt.

Hvað geta foreldrar gert?

Það getur verið erfitt fyrir foreldra að reyna að útskýra fyrir börnunum sínum hvernig gervigreindin virkar **en það er nauðsynlegt að ræða um hana þegar hún er á miðlum sem börnin nota.**

Mikilvægt er að fylgjast með framþróun gervigreindarinnar og skoða hvað spjallmennið er að segja börnunum. Munum að fleiri miðlar sem börn og ungmenni nota munu nýta sér þessa tækni í nákominni framtíð.

Það besta sem foreldrar geta gert í stöðunni núna er að tala saman um gervigreindina, bæði við börnin og aðra foreldra og ræða opinskátt um það sem er verið að gera með þessa nýju viðbót á Snapchat. Skoðið hana saman og fáid tilfinningu fyrir henni.

Notið einnig tækifærið og ræðið um miðlalæsi, falsfréttir og upplýsingaóreiðu.

SAFT



Nokkrar góðar venjur fyrir börn og ungmenni sem nýta sér "My AI"

Gervigreindin er góð upp að ákveðnu marki, t.d. ef maður vill leita að uppskriftum, reglum í íþróttum eða hugmyndum að afmælisgjöfum.

Mikilvægt er að deila ekki viðkvæmum eða persónulegum upplýsingum með gervigreindar"vininum". Sýna þarf varkárni eins og annars staðar á netinu.

Munum að My AI er tölva. Hann er ekki manneskja þó hann sé persónugerður. Útskýrum fyrir börnum og ungmennum að spjallvélmenni eru ekki vinir þeirra og þau koma ekki í stað manneskja.

Það getur einnig verið gott að setja mörk um það sem er verið að spyrja um og nýta gervigreindina í.

Sidferðislegar spurningar

Við mælum með að þið prófið sjálf að spyrja My AI spurninga til að finna fyrir hvernig spjallvélmennið svarar.

Það koma nefnilega upp sidferðislegar spurningar í spjalli við My AI.

Hvaða læra börn og ungmenni af svörum þess? Foreldrar hafa áhyggjur af hegðun í tengslum við spjallmennið. Það að My AI snúi út úr ýmsum spurningum (t.d. varðandi kynlíf) og vilji ekki ræða hlutina getur virkað öfugt á börn og að það sé eitthvað sem er helst ekki rætt um. Spjallmennið bendi ekki heldur alltaf á réttan farveg fyrir umræðuna, þó það geri það í einhverjum tilvikum.

Ef við ræðum við börnin okkar að treysta ekki ókunnugum á netinu - ættum við þá að treysta ókunnugu spjallmenni?

Við verðum því að ræða hlutina, því tæknin er á fleygiferð þessa dagana og mikilvægt að við séum meðvitund um hana.